

Sauðburður kominn á fullt



Sumarið er komið samkvæmt íslensku almanaki og sauðburður er hafinn. Blaðamaður heyrði af fyrstu lömbunum þann 16. apríl síðastliðinn en venjan er að sauðburður standi yfir frá seinni hluta apríl og fram í júní. Þá standa sauðfjárbændur vaktina nótt sem dag til að veita berandi kindum fæðingaraðstoð ef þess þarf. Sauðburðurinn er heilmikil vinna fyrir alla þá sem koma þar að en þrátt fyrir að vera mikill álagstími einkennist fjárragið líka af mikilli spennu og gleði og er afskaplega gefandi. Meðfylgjandi mynd tók Jökull Gíslason frá Álftavatni af nýbornum lömbum en nú þegar hefur verið tekið á móti 400 lömbum þar. Á Álftavatni eru 500 vetrarfóðraðar kindur sem eignast að meðaltali tvö lömb hver svo þau eiga von á um 1000 lömbum og stórt verkefni framundan.

SJ

Ólafsvíkurvöllur annar flottasti völlur landsins



Álitgjafar RÚV völdu á dögnum tíu flottustu knattspyrnuvelli landsins. Allir vellir landsins sem hægt er að spila löglegan leik í fullri stærð komu til greina. Nítján manns voru í álitsgjafahópi og voru þetta aðilar sem tengjast knattspyrnu á einn eða annan hátt. Í öðru sæti á listanum er Ólafsvíkurvöllur

en Hásteinsvöllur í Vestmannaeyjum er í því fyrsta. Flestir nefndu að Ólafsvíkurkirkja væri einkennandi fyrir völlinn og að það væru ekki margir vellir sem hefði kirkju sem hluta af áhorfendasvæðinu. Auk þess var staðsetning vallarins nefnd og að aðstaðan væri til fyrirmyndar. JJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

Sýning í Safnahúsinu

Í vetur hafa 3. og 6. bekkur í Grunnskóla Snæfellsbæjar tekið þátt í verkefninu Ísábrot - jöklar í íslenskri myndlist en verkefnið er unnið í samvinnu við Listasafn Íslands. Átta skólar tóku þátt í verkefninu sem lauk svo með sýningu á verkum nemenda. Nemendur í 3. bekk sýndu verk sín í Safnahúsinu í Reykjavík á Barnamenningarhátíð dagana 24. til 28. apríl og 6. bekkur sýnir afrakstur sinn í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. Myndlistarkonan og rithöfundurinn Linda Ólafsdóttir og Ingibjörg Hannesdóttir sérfræðingur í fræðslu og miðlun hjá Listasafni Íslands voru með listasmíðjuna Hvað leynist inni í jökli?. Listasmíðjan fór fram í fjarkennslu og sótti innblástur í sagnir tengdar Snæfellsjökli. Nemendur fengu einnig kennslu í Sjónarafli, fræðsluefni og þjálfun í myndlæsi á meðan listasmíðjunni stóð en verkefnið hlaut tilnefningu til Íslensku Safnaverðlaunanna 2024. Nemendur 3. bekkjar heimsóttu Safnahúsið síðastliðinn föstudag ásamt umsjónarkennara sínum



Adelu Marcela Turloiu og myndlistarkennara sínum Ingu Harðardóttur. Þar skoðuðu þau afrakstur vinnu sinnar ásamt sögum sem þau unnu undir leiðsögn umsjónarkennara síns.

SJ

Kepptu á landsmóti í skák



Laugardaginn 13. apríl fór Íslandsmót barnaskólasveita í skák fram í Rimaskóla í Reykjavík. Var mótið fyrir keppendur í 4. til 7. bekk og spiluðu fjórir skákmenn í hverri sveit auk þriggja varanna. Tefldar voru átta umferðir eftir svissneska kerfinu. Veitt voru verðlaun fyrir efstu sveitirnar í hverjum flokki ásamt verðlaunum fyrir efstu sveitirnar af landsbyggðinni. Sigurvegararnir á mótinu hlutu rétt til þátttöku á Norðurlandamóti barnaskólasveita í skák sem fer fram í Noregi í október. Grunnskóli Grundarfjarðar sendi efnilega og áhugasama skákmenn á mótið sem

keppti þar á móti 35 sveitir af öllu landinu. Þorsteinn Hjaltason, skákþjálfari, fylgdi liðinu suður. Sveitina skipuðu Sindri Snær Hinriksson úr 7. bekk, Gunnar Smári Ragnarsson, Sævar Hjalti Þorsteinsson, Kyrylo Tukachov og Kristján Pétur Runólfsson úr 6. bekk og Hilmar Örn Runólfsson úr 4. bekk. Voru drengirnir þarna að keppa á sínu fyrsta stórmóti og náðu þeir 18 vinningum í 8 umferðum og lönduðu með því 8. til 10. sætinu. Þá fengu þeir einnig silfur fyrir árangur landsbyggðasveita.

SJ



Bifreiðaverkstæði / Egis.
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Sjávariðjan Rífi hf.

ATVINNA

Starfsfólk óskast í fiskvinnslu.

Bæði er um að ræða
sumarstörf og framtíðarstörf.

Nánari upplýsingar í síma 897 0076



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Katrín heimsækir **Snæfellsnes**

Ísland á kraftmikla forystukonu

Sunnudaginn **5. maí**

Ólafsvík	Reks, Grundarbraut 2	Opinn fundur og súpa	12:00
Grundarfjörður	Sögumiðstöðin	Opinn fundur og kaffi	16:00
Stykkishólmur	Höfðaborg	Opinn fundur og kaffi	19:30

Einstakt tækifæri til að ræða forsetaembættið og framtíð þjóðarinnar.



Katrín **2024**

Góðgerðardagar í grunnskólanum

Dagana 22. til 24. apríl voru haldnir þemadagar í Grunnskóla Snæfellsbæjar. Markmið þemadaganna var að vinna með einkunnarorð skólans sem eru Sjálfstæði - Metnaður - Samkennd. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í tengslum við þemað, tekið var til hendinni í nánasta umhverfi, eldri nemendur leiðbeindu þeim yngri, farið var í heimsókná á dvalarheimilið Jaðar, í Leikskóla Snæfellsbæjar og í Smiðjuna þar sem var sungið, spjallað og spilað. Þá hefur ekki farið fram hjá neinum að borin voru út hjörtu með fallegum boðskap í heimili og fyrirtæki í Snæfellsbæ. Í framhaldi af þemadögunum var haldið opið hús í skólanum á síðasta vetrardag með yfirskriftinni Látum gott af okkur leiða. Þar vóru seldar veitingar og munir sem nemendur framleiddu á þemadögunum, þar var til dæmis til sölu óskasteinar, armbönd, lyklakippur, súrdeigsbrauð, salöt, muffins, kleinur, bómullarskífur, tækifæriskort, málverk, áletraðir bolir og taupokar svo eitt-hvað sé nefnt. Jafnframt var boð-

ið upp á allskyns viðburði, spákonur spáðu fyrir gestum, trúðar voru á ferðinni og lukkuhjól á staðnum auk fjölda áheitalaika. Ákváðu starfsfólk og nemendur grunnskólans í sameiningu að láta gott af sér leiða með ágóða opna hússins með því að styrkja Krabbameinsfélag Snæfellsness. Opna húsið var mjög vel sótt og söfnuðust rúmlega 900.000 krónur þennan dag. Enn er þó hægt að styrkja framtak nemenda Grunnskólans og leggja inn á reikninginn sem er hér að neðan. Við þetta sama tækifæri fékk Grunnskóli Snæfellsbæjar afhentan Grænfána í sjöunda sinn. Grænfáninn er dæmi um verkefni þar sem markmiðið er meðal annars að skila jörðinni í betra ástandi en hún var í þegar við tókum við henni og er hann skref í átt að menntun til sjálfbærni.

SJ

Reikningsnúmer
0133-15-007937

Kennitala
671088-5739



Dagur eldri borgara

Sameiginleg messa í Staðastaðarkirkju

Boðað er til sameiginlegrar messu safnaðanna í Snæfellsbæ á uppstigningardag þann 9. maí kl. 14:00 í Staðastaðarkirkju.

Sr. Karl V. Matthíasson prédikar.
Organisti og kórstjóri er Hólmfríður Friðjónsdóttir.
Kór Staðastaðar- Búða- og Hellnasókna syngur.

Kirkjukaffi eftir athöfn að Langaholti.

*Rúta fer frá Hellissandi kl. 12.40
og kemur við á Jaðri og Orkuni í Ólafsvík.*

Takið daginn 9. maí frá fyrir samveru í Staðarsveit.

Verið öll hjartanlega velkomin - og á þessum degi, sem er dagur aldraðra, er rétt að geta þess að fólki á gamansaldri er boðinn heiðursmess í messunni.

Prestarnir og Vinafélag eldri borgara



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Blómlegt starf í Höllinni

Höllin, nýtt húsnæði undir starfsemi Félags eldri borgara í Snæfellsbæ iðar af lífi. Snæfellsbær afhenti félaginu rúmlega 500 fermetra húsnæðið 1. febrúar síðastliðinn en öll starfsemi félagsins fer nú fram undir einu þaki.

Húsið skiptist niður í nokkur rými sem hafa verið innréttuð til að henta þeirri starfsemi sem þar fer fram og Hjartað, setustofan, tengir allt saman í miðjunni. Starfsemin er fjölbreytt en þar stunda félagar Félags eldri borgara meðal annars bútasam, þrjón, vinnu við gler og leir og trérennsli og tálgun, þá er þar aðstaða fyrir hljómsveitaræfingar, spil og púsl auk fundarherbergis og kaffistofu.

Blaðamaður Jökuls kíkta við fyrir skömmu og tók stöðuna á fólku

inu sem þar var mætt. Voru þar meðal annars hressar konur mættar á þrjónahitting sem er haldinn alla mánudaga. Hittast þær í Höllinni, þrjóna í góðum félagsskap og spjalla um lífið. Hinu megin við ganginn er svo saumaaðstaða. Hittist þar hópur í bútasam annan hvern þriðjudag. Vinnuherbergi fyrir gler og leir er á staðnum og er stefnt á að hittast þar alla fimmtudag og annan hvern þriðjudag en á smíðaverkstæðinu er enginn sérstakur tími skráður á hittinga. Þar er Jón Guðmundsson mættur nánast daglega ásamt fleirum sem njóta þess að skapa með höndunum, tálga, renna og fleira. Alla virka morgna hittist svo vaskur hópur manna sem áður hittust í Áthtagastofu Snæ-

fellsbæjar í kaffibolla og spjall í fundarherbergi Hallarinnar og fara yfir málefni líðandi stundar. Húsbandið Parma nýtir sér hljómsveitar aðstöðuna í húsnæðinu og alla fimmtudaga er hisst og spilað Bríds.

Þrátt fyrir að skipulagt sé tíma fyrir starfseminu í Höllinni er aðstaðan opin alla daga þannig hægt er að mæta þegar hentar, hvort sem það sé til að sauma, smíða eða spila. Herbergin eru öll vel tækjum búin, brennsluofn til gler- og leirgerðar, saumarvélar til bútasams og rennibekkur á smíðaverkstæðinu ásamt fjölda annarra tækja.

Starfsemin í húsnæðinu er eingöngu fyrir félagi í Félagi eldri borgara Snæfellsbæjar en að sjálf-sögðu eru allir velkomnir til að kíkja í heimsókn og sjá blómlegt starfið sem þar fer fram. Allir viðmælendur sem blaðamaður ræddi við í heimsókn sinni áttu það sam- eiginlegt að lofa aðstöðuna og er greinilegt að vel fer um starfið í húsnæðinu. Þá sagði Jón Guðmundsson að félagar væru fullir þakklæti því ekki væru öll bæjarfélög tilbúin að fjárfesta svona í eldri borgurum.

SJ





FASTEIGNASALA

 <p>SANDHOLT 28, ÓLAFSVÍK</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th>Ferm.</th> <th>Herb.</th> <th>Svefnh.</th> <th>Byggjár.</th> <th>Bílskúr</th> </tr> <tr> <td>224</td> <td>8</td> <td>5</td> <td>1974</td> <td>Já</td> </tr> </table> <p style="text-align: center;">64.000.000 kr.</p>					Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr	224	8	5	1974	Já	 <p>HELLUHÓLL 14c, HELLISSANDI</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th>Ferm.</th> <th>Herb.</th> <th>Svefnh.</th> <th>Byggjár.</th> <th>Bílskúr</th> </tr> <tr> <td>123</td> <td>4</td> <td>3</td> <td>2023</td> <td>Já</td> </tr> </table> <p style="text-align: center;">57.500.000 kr.</p>					Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr	123	4	3	2023	Já
Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr																									
224	8	5	1974	Já																									
Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr																									
123	4	3	2023	Já																									
 <p>FOSSABREKKA 15, ÓLAFSVÍK</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th>Ferm.</th> <th>Herb.</th> <th>Svefnh.</th> <th>Byggjár.</th> <th>Bílskúr</th> </tr> <tr> <td>208</td> <td>6</td> <td>4</td> <td>2023</td> <td>Já</td> </tr> </table> <p style="text-align: center;">80.000.000 kr.</p>					Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr	208	6	4	2023	Já	 <p>HELLISBRAUT 19, HELLISSANDI</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th>Ferm.</th> <th>Herb.</th> <th>Svefnh.</th> <th>Byggjár.</th> <th>Bílskúr</th> </tr> <tr> <td>131</td> <td>4</td> <td>2</td> <td>1948</td> <td>Já</td> </tr> </table> <p style="text-align: center;">36.000.000 kr.</p>					Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr	131	4	2	1948	Já
Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr																									
208	6	4	2023	Já																									
Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr																									
131	4	2	1948	Já																									
 <p>BÁRDARÁS 6, HELLISSANDI</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th>Ferm.</th> <th>Herb.</th> <th>Svefnh.</th> <th>Byggjár.</th> <th>Bílskúr</th> </tr> <tr> <td>214,7</td> <td>6</td> <td>3</td> <td>1974</td> <td>Já</td> </tr> </table> <p style="text-align: center;">59.900.000 kr.</p>					Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr	214,7	6	3	1974	Já	 <p>AÐALGATA 13, STYKKISHÓLMI</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th>Ferm.</th> <th>Herb.</th> <th>Svefnh.</th> <th>Byggjár.</th> <th>Bílskúr</th> </tr> <tr> <td>324</td> <td>10</td> <td>7</td> <td>1955</td> <td>Já</td> </tr> </table> <p style="text-align: center;">70.000.000 kr.</p>					Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr	324	10	7	1955	Já
Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr																									
214,7	6	3	1974	Já																									
Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr																									
324	10	7	1955	Já																									
 <p>STEEKJARHOLT 5, ÓLAFSVÍK</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th>Ferm.</th> <th>Herb.</th> <th>Svefnh.</th> <th>Byggjár.</th> <th>Bílskúr</th> </tr> <tr> <td>162</td> <td>5</td> <td>2</td> <td>1957</td> <td>Já</td> </tr> </table> <p style="text-align: center;">37.500.000 kr.</p>					Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr	162	5	2	1957	Já	 <p>VIÐVÍK, HELLISSANDI</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th>Ferm.</th> <th>Teg. húsnæðis</th> <th>Byggjár.</th> <th>Bílskúr</th> </tr> <tr> <td>167</td> <td>Atvinnuhúsn.</td> <td>2016</td> <td>Já</td> </tr> </table> <p style="text-align: center;">Veitingahús 69.000.000 kr.</p>					Ferm.	Teg. húsnæðis	Byggjár.	Bílskúr	167	Atvinnuhúsn.	2016	Já		
Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr																									
162	5	2	1957	Já																									
Ferm.	Teg. húsnæðis	Byggjár.	Bílskúr																										
167	Atvinnuhúsn.	2016	Já																										



Bogi
Fasteignasala
☎ 699 3444
molby@fastind.is

Nánari upplýsingar á www.fastind.is

Fengu að skoða sjúkrabílinn

Á þriðjudag fengu börnin í árgangi 2018 og 2019 á Krílakoti að heimsækja Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Ólafsvík, Patryk Zolobow sjúkraflutningamaður tók á móti hópnum og sýndi þeim sjúkrabílinn, sirenur voru prófaðar og einnig bláu ljósín.

Börnin höfðu afskaplega gaman af heimsókninni og ekki spillti fyrir að þau sáu Blæ, bangsavin sinn, í bílnum.

Það er gott fyrir börnin að kynnst sjúkrabíl og -bílstjóra ef upp kemur neyð og nota þarf þjónustu þeirra.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Sumardagurinn fyrsti á Jarði



Það var nóg að gera hjá heimilisfólki á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jarði á sumardaginn fyrsta. Lionsklúbburinn Rán hélt upp sinni árlegu hefð með heimsókn á Jarðar og spiluðu Ránarkonur bingó með heimilisfólkinu. Að venju var mikil gleði og eftir að allir vinningarnir höfðu gengið út buðu félagskonur heimilisfólki, starfsfólki og gestum upp

á veitingar. Að því loknu mætti svo kvennasöngsveitin Skaði af sunnanverðu Snæfellsnesinu og hélt tónleika fyrir heimilisfólkið. Sumrinu var því tekið fagnandi á Jarði í blíðskaparveðri á Sumardaginn fyrsta. Daginn eftir bauð Sjoppa svo heimilisfólki á Jarði upp á ís veislu sem þau nutu saman í sólinni.

SJ

Frumfluttu tvö lög á Nótunni



Nótan er árleg uppskeruhátíð hjá tónlistarskólum á Íslandi og var hún haldin helgina 13. og 14. apríl. Uppskerunni var fagnað með svæðisbundnum tónleikum á landsbyggðinni og fóru svæðistónleikar Vesturlands og Vestfjarða fram í Tónlistarskólanum á Akranesi laugardaginn 13. apríl. Fyrir hönd Tónlistarskóla Grundarfjarðar fóru þau Einir Hugi Guðbrandsson, Mýrún Lotta Loftsdóttir Klee og Reynir Már Jónsson ásamt Valbirni Snæ Lilliendahl kennara.

Þau frumfluttu tvö frumsamin lög á tónleikunum, annað eftir Eini Huga og hitt eftir Reyni Má. Hátíðin er í senn faglega hvetjandi og skemmtilegt innlegg í skólastarfið fyrir alla aðstandendur tónlistarskólanna, jafnt innan veggja þeirra sem utan. Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) og Samtök tónlistarskólustjóra (STS) standa að Nótunni og hefur hún verið haldin árlega frá 2010.

SJ



Verkalýðsfélag Snæfellinga auglýsir

Aðalfundur Verkalýðsfélags Snæfellinga

verður haldinn mánudaginn 13. maí 2024 kl. 18.00
í húsnæði félagsins í Ólafsvík, Ólafsbraut 19

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Breytingar á lögum félagsins
Breytingar á reglu og reglugerðum
Önnur mál

Fjóla Pétursdóttir lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi félagsins verður á fundinum, fer yfir hvað hún gerir fyrir félagið og kynnir samstarf minni stéttarféлага.

Peir sem óska eftir fari á fundinn hafi samband við skrifstofu félagsins
í síma 588 9191 eða neffang verks@verks.is.

 Verkalýðsfélag
Snæfellinga

Sýningar í Grasagarðinum

Nemendur úr 2. og 4. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar tóku þátt í verkefni sem heitir Framtíðarblóm. Verkin voru sýnd í

Grasagarðinum í Reykjavík á Barnamenningarhátíð sem stóð yfir dagana 24. til 28. apríl. Markmið verkefnisins Framtíðarblóm

var að vekja áhuga nemenda á náttúrunni og undrum hennar en verkin á sýningunni voru unnin af 500 nemendum úr 13 skólum, þar á meðal Grunnskóla Snæfellsbæjar. Markmið verkefnisins var að vekja áhuga nemenda á náttúrunni og undrum hennar. Að efla með nemendum vitund og virðingu fyrir umhverfinu og efla samvinnu og samkennd með samborgurum og lífi á jörðinni. Nem-

endur fræddust um plöntur, líf-breytileiki og vistkerfi og veltu fyrir sér hvernig plöntur gætu litið út í framtíðinni og hvaða eiginleika þau vildu að plönturnar byggju yfir. Hugmyndaflugið fékk að njóta sín í þessu verkefni og 10 plöntur gæddar ólíkum eiginleikum rötuðu frá Hellissandi í Grasagarðinn.

SJ



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is





Allt til strandveiða

Handfærakrókar



Mikið úrval af handfærakrókum.
Tvílitir, einlitir, sjálflysandi, m/spinner og plötukrókar.

Girni



Thunderline girni
1,1 mm
1,4 mm
1,7 mm



Mummi girni
1,5 mm
1,6 mm
1,8 mm

Sjófatnaður

Úrval af fatnaði
frá Mar Wear



Handfærasökkur



Handfærasökkur 2,5 kg
Galvaníseraðar & Blý

Kleinhúringir, teygjur og slóðar



Sigurnaglar



Nikkel.
Fjöldi stærða í
boði

Handfæravinda Oilwind

Öflug færeysk vinda
á góðum kjörum.

